

Heimastjórn Tálknafjarðar

Tillaga frá Þór Magnússyni formanni heimastjórnar

Efni: Ástand Tálknafjarðarhafnar og æskilegar breytingar

Heimastjórn Tálknafjarðar telur ástæðu til að vekja athygli bæjarráðs Vesturbyggðar á ástandi Tálknafjarðarhafnar til að unnt sé að fara að vinna að úrbótum sem allra fyrst og jafnframt að hvetja bæjarráð til að leggja fram tillögur til gerðar samgönguáætlunar um að fá fjármagn í þessar endurbætur í samgönguáætlun.

Núverandi ástand við olíudælur á vestari enda hafskipabryggju er ekki gott og töluverð slyshætta þegar minni bátar eru að taka þar olíu. Klifra þarf upp á bryggjuna til að setja dælu af stað, klifra niður í bátinn til að fylgjast með dælingunni og upp aftur til að slökkva á dælingu. Bæði er bryggjupilið hátt nema rétt þegar um hæstu flæðar auk þess sem þarna er ekki alltaf gott skjól fyrir vindi og báru auk hæðar þilsins.

Heimastjórn Tálknafjarðar leggur til að hafin verði vinna við að endurbæta þessa olíuástöðu í Tálknafjarðarhöfn með betra aðgengi, sérstaklega fyrir minni báta. Meðfylgjandi er afrit af deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar og er olíuástaðan merkt með rauðum lit á enda bryggjunnar. Á teikningunni er jafnframt bent á mögulega lausn á olíuástöðunni með því að setja flotbryggju við norðurhlið/innri hlið bryggjunnar (framhald á rauða strikinu á teikningunni) þar sem sett væri upp olíudæla. Þannig myndaðist skjól fyrir báta, minni bátar ættu auðvelt með að athafna sig og stærri bátar kæmust auðveldlega að við enda flotbryggjunnar.

Heimastjórn Tálknafjarðar bendir á að nauðsynlegt er að hefja vinnu við undirbúning og hönnun á stálþili sem mögulegt er að reka niður á norður/innri hlið bryggjunnar sem snýr inn í smábátahöfnina. Með slíku þili eykst öruggt legupláss fyrir meðalstóra báta, svo sem þjónustubáta, í Tálknafjarðarhöfn.

Jafnframt er minnt á ástandsskoðun á þili hafskipabryggjunnar sem unnið var 2017 þar sem fram kemur að ástand þilsins (gula línan) er orðið mjög slæmt og hætta getur skapast á þekjunni á bryggjunni vegna úrrennslis á burði í bryggjunni

Í október 2023 kom sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps á framfæri við gerð Samgönguáætlunar 2024-2028 umsögn þar sem minnst er á nauðsyn þess að endurnýja stálþilið og þess óskað að það verði sett á samgönguáætlun.

Einnig var tekið saman minnisblað að beiðni sveitarstjóra, Bryndísar Sigurðardóttur, um endurbætur á Tálknafjarðarhöfn og send inn umsókn um þessar úrbætur.

Lagt fram á 1. Fundi heimastjórnar Tálknafjarðar 04.07.2024.

Þór Magnússon formaður